

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 15. mars 2016 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Drottningarbrautarreit.

Breytingin nær til lóða nr. 2-4, 6-8 og 10-12 og felur í sér að íbúðum er fjölgað, heimild gefin til þess að hafa svalaganga og lágmarksfjölda bílastæða í kjallara er breytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 31. mars 2016,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2016